

Dags eftirlits	2.11.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Lindarfiskur ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Sigtún 6	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590509-0350	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Drífa Bjarnadóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í eftirliti komu fram í eftirliti. Öllum eldri frávikum er lokað.

Rekstraraðila var aftur bent á að verja fiskeldið fyrir fuglum með því að setja net eða línur yfir öll ker í starfsstöðinni.

Miðað við gögn í grænu bókhaldi rekstraraðila fyrir árið 2020 þá á að vera hægt að ná betri nýtingu á fóðri í eldinu. Bent er á að losunarmörk fyrir fosfór er 9 kg/tonn framleiddur fiskur.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Farið var í eftirlit í fiskeldisstöð Lindarfisks ehf. í Botnum í Meðallandi. Stöðin fær eldisvatn undan Eldhrauni nálægt Botnaflijóti og frárennsli rennur í vestustu kvísl Eldvatns, en Eldvatn er lindá sem rennur til sjávar í Meðallandinu.

Rekstraraðili er með starfsleyfi sem var gefið út í júlí 2019 og heimilt er að framleiða árlega allt að 300 tonn af bleikju. Rekstraraðili fékk útgefið rekstrarleyfi Matvælastofnunar (FE-1147) fyrir 300 tonna seiða- og matfiskframleiðslu á bleikju í maí 2020. Bleikja er alin upp í matfiskstærð og slátrað.

Samþykkt deiliskipulag frá árinu 2012 liggur fyrir. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir settjörnum í frárennsli en gæðahandbók rekstraraðila gerir ráð fyrir setþró í frárennsli og að grafin verði djúpur pyttur til þess að hægja á rennsli frárennslisvatnsins þannig að fastefni botnfalli og þau verða síðan fjarlægð með haugsugu og nýtt sem áburður til uppgræðslu á næringarsnauðu landi. Ristar verði settar í frárennsli sem vörn gegn slysasleppingum og eins til þess að villtur fiskur komist ekki upp í stöðina. Eins verði frárennslisskurður víkkaður í ca. 10 m á miðri leið til þess að hægja á straumi frárennslisvatnsins. Áætlað er að gera tilraun með vatnsræktun í frárennslisskurði árið 2022 til þess að nýta fosfór og köfnunarefni frá eldinu.

Eldisrými er um 570 m³ og hafa mest verið framleidd um 44 tonn af fiski í stöðinni en vegna Covid-19 hefur það verið nokkuð minna síðustu ár. Frárennsli frá eldinu rennur um 450 m skurð og var setþró sett í skurðinn árið 2020 en allur skurðurinn virkar sem hreinsivirki. Útrás frá fiskeldinu rennur í Eldvatn um 500 m neðan fiskeldisstöðvarinnar.

Um 230 sekúndulítrar af eldisvatni eru notaðir í eldinu, þar af um 30 sekúndulítrar í seiðaeldinu.

Í Grænu bókhaldi stöðvarinnar fyrir árið 2020 kemur fram að um 69 tonn af fóðri var notað og fóðrið kemur sekkjað. Fyrirhugað er að setja upp fóðursíló við stöðina sem er umhverfisvænni aðferð við aðföng. Engin lyf eru notuð við fiskeldið en Formalín og Virkon eru notuð til þess að halda snýkjudyrum í skeffjum.

Boðuð dagskrá:

1. Staða á frávikum og ábendingum fyrri ára og núverandi staða metin.
2. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
3. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar – sjá starfsleyfi frá 6. júní 2019
4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Staða á frávikum og ábendingum fyrri ára

Árið 2018 var komið í eftirlit og fimm frávik skráð. Hægt er að loka þeim öllum. Með nýju starfsleyfi er ekki lengur um umframframleiðslu að ræða, skráningar hafa verið bættar og skriflegar áætlanir liggja fyrir. Setþró var sett niður í frárennslisskurð og fastefni sem botnfellur í frárennslisskurðinum er notað sem áburður á úthaga. Niðurstöður mælinga á svifögnum og COD bárust 4. febrúar sl. og mælingar á heildarföföng og heildarköfnunarefni bárust í október 2020.

Árið 2020 var komið í eftirlit og þrjú frávik voru skráð. Tveimur frávikum hefur verið lokað en frávikum vegna þess að ekki voru nægar skráningar á magni, gerð og meðhöndlun úrgangs má nú loka. Eins eru nú til betri gögn fyrir losun næringarefna í frárennsli.

Öllum eldri frávikum er því lokað.

Árið 2018 var bent á að blóðvökvi sem fellur til við slátrun fer í jarðveg með tilheyrandi sýkingarhættu. Nú varð eftirlitsmaður ekki var við blóðvökva í jarðvegi.

Árið 2020 var rekstraraðila bent á kröfur um sýnatökur á a.m.k. þriggja ára fresti. Eins að reikna losun næringarefna þ.e. fosfórs og köfnunarefna út frá innihaldi fóðurs og upptöku næringarefna í eldinu. Mælinganiðurstöður í frárennsli hafa borist á árinu.

Rekstraraðila var bent á kröfur til viðhalds, eftirlits og þjónustu við setþró í fráveitu og meðhöndlun fastefni vegna fiskeldis á landi.

Rekstraraðila var bent á að skv. 4. mgr. 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 er opin brennsla úrgangs óheimil nema um brennur sé að ræða sem veitt hafi verið starfsleyfi fyrir.

Rekstraraðila var bent á að setja línur eða net yfir öll ker í starfsstöðinni. Hér má bæta betur í og ljúka verkinu.

2. Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Engir olúgeymar eru í fiskeldisstöðinni. Allt vatn er sjálfrennandi og olíudrífur rafstöð óþörf. Olúgeymir vegna eldsneytis á bíla og tæki tilheyrta búinu í Botnum sem er rekið aðskilið frá fiskeldisstöð Lindarfisks ehf. Eldsneyti er keypt af Kjartani Ólafsyni í Botnum.

3. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar

Kröfur eru um þrjár skriflegar áætlanir í stöðinni. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, neyðaráætlun og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar. Allar áætlanir liggja fyrir.

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila (ust@ust.is). Næstu skil á ársyfirliti eru fyrir 1. maí 2022. Eins skal rekstraraðili skila grænu bókhaldi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Skýrslur rekstraraðila vegna 2020 hafa borist.

Fóðurstuðull er mælikvarði á fóðurnýtingu og samkvæmt grænu bókhaldi rekstraraðila ætti að vera hægt að ná betri nýtingu fóðurs og stuðla þannig að minni losun á fóðurleifum í frárennsli. Losun fosfórs í frárennsli má ekki fara yfir 9 kg/tonn af framleiddum fiski. Leiðbeiningar um útreikninga á losun í fiskeldi (formúla Wang et.al.) var afhent í eftirlitinu.

Umhverfismarkmið voru send eftirlitsaðila 22. desember 2020.

4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021

Í áhættumati til ákvörðunar á hversu oft skal koma á eftirlit sem gert var árið 2020 fékkst út að eitt eða fleiri eftirlit í fiskeldið væri hæfileg tíðni. Í eftirlitinu var farið yfir áhættumatið með rekstraraðila en uppfært áhættumat verður notað við gerð eftirlitsáætlunar sem stofnunin notar næsta ár.

5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

Fiskeldið losar í Eldvatn sem er skilgreint sem vatnshlot nr. 103-788-R. Í gagnagrunni Umhverfisstofnunar er það metið svo að stærsta staðbundna álag á vatnshlotið sé frárennsli fiskeldis Lindarfisks ehf. Stærðargráða áhrifa hefur ekki verið metin enn.

Engin mengunaróhöpp né sleppingar hafa orðið í stöðinni og engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var, eins og á síðasta ári, bent á að verja fiskeldið fyrir fuglum með því að setja net eða línur yfir öll ker í starfsstöðinni.

Miðað við gögn í grænu bókhaldi rekstraraðila fyrir árið 2020 þá á að vera hægt að ná betri nýtingu á fóðri í eldinu. Bent er á að losunarmörk fyrir fosfór er 9 kg/tonn framleiddur fiskur.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.12.2021



Gottskálk Friðgeirsson